

# FUNDARGERÐ

## BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

605. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 22. júní 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

### Dagskrá:

1. Bréf Orkustofnunar.
2. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### Afgreiðslur:

1. Fram lagt bréf Orkustofnunar þar sem óskað er umsagnar vegna beiðni Björgunar ehf. og Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. um útgáfu rannsóknarleyfis á kalkþörungaseti á hafsbotni í Miðfirði, Hrutafirði og Steingrímsfirði á Húnaflóa. Byggðarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.
2. Fram lagt bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem fjallað er um undanþágur frá gassöfnun á urðunarstöðum. Byggðarráð samþykkir að óska eftir því við umhverfissráðherra að veitt verði undanþága frá gassöfnun á urðunarsvæðinu á Syðri-Karástöðum næstu tvö ár. Bréfi sambandsins vísað til skoðunar tæknideildar.

Samþykkt að taka á dagskrá:

3. Sveitarstjóri lagði fram að afrit af landleigusamningum sveitarfélagsins sem eru vegna beitar og grastöku skv. beiðni Odds Sigurðarsonar á 604. fundi byggðarráðs. Oddur Sigurðarson lagði fram eftirfarandi bókun: „Í framhaldi af þessum upplýsingum óska ég eftir að fá afrit af árlegum eftirlitsskýrslum um ástand girðinga sem um er getið í þessum samningum.“ Byggðarráð felur sveitarstjóra að taka saman upplýsingar um landleigusamninga, gildistíma þeirra, leigukjör o.fl.
4. Oddur Sigurðarson lagði fram eftirfarandi fyrirspurn: „Hve miklir fjármunir voru/verða settir í endurbætur á frjálsíþróttavellinum í Kirkjuhvammi á þessu ári?“ Formaður byggðarráðs svaraði því til að við endurskoðun fjárhagsáætlunar ársins 2009 voru ekki settir fjármunir í sérstakar endurbætur á frjálsíþróttavellinum.
5. Oddur Sigurðarson lagði fram eftirfarandi fyrirspurn: Hvenær var samþykkt að leggja af frjálsíþróttavöll í Kirkjuhvammi? Það er að segja hverjir tóku þá ákvörðun og hvenær var hún samþykkt af sveitarstjórn/byggðarráði? Greinargerð. Þar sem ekki eru veittir fjármunir til endurbóta á frjálsíþróttavellinum í Kirkjuhvammi í ár verður ekki annað séð samkvæmt meðfylgjandi myndum.“  
Formaður byggðarráðs svaraði því til að það standi ekki til að leggja af frjálsíþróttavöll í Kirkjuhvammi.
6. Oddur Sigurðarson lagði fram eftirfarandi fyrirspurn: „Framkvæmdir í landi Syðsta-Hvamms við Myllu voru þær unnar af sveitarfélaginu? Voru þær unnar með samþykki landeiganda? Hvaða aðili innan stjórnkerfisins sveitarfélagsins tók ákvörðun um þessa framkvæmd? Sveitarstjóri svaraði því til að framkvæmdin var unnin af starfsmanni sveitarfélagsins án samþykkis landeiganda og að framkvæmdin hafi verið ákvörðun verkstjóra áhaldahúss. Byggðarráð harmar það að farið sé í framkvæmdir á landi



blm H.A.  
Rann D

annarra að þeim forspurðum og biður viðkomandi velvirðingar. Umrædd framkvæmd hefur ekki komið til umræðu hjá sveitarstjórn.

7. Oddur Sigurðarson lagði fram eftirfarandi fyrirspurn: „Hvenær munu 30 km. hraðatakmarkanir þær sem samþykktar hafa verið af sveitarstjórn taka gildi? Um er að ræða 30 km. hraðatakmarkanir í Fífusundi og á Garðavegi milli Lækjargötu og Brekkugötu. Sveitarstjóri svaraði því til að auglýsing um umferð á Hvammstanga hafi ekki verið breytt þessu til samræmis.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:45

Blái R. Músdal  
Ráðu Runólfrei.  
Hinnir Agústinn  
Áheyrnarfulltrúi:  
Oddur Sigurðarson

Ólafur Þórðarson.